

Fundur í 4. svæðisráði Vatnajökulsþjóðgarðs haldinn á Laugalandi 11. febrúar 2008 klukkan 10.00.

Mættir: Elín Heiða Valsdóttir, Ólafía Jakobsdóttir, Erla Ívarsdóttir, Kári Kristjánsson, Þórður Ólafsson, Eydís Þ. Indriðadóttir sem ritaði fundargerð. Sigurður var í símasambandi vegna yfirferðar á fjárhags og framkvæmdaráætlunum. Leifur Þorsteinsson boðaði forföll

1. Elín Heiða Valsdóttir formaður setti fund og bauð Þórð Ólafsson framkvæmdastjóra velkominn.
2. Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og gerðar smávægilegar lagfæringar á henni.
3. Þórður fór yfir fjárhagsáætlun fyrir árið 2008 gert er ráð fyrir ráðstöfunartekjum uppá 165.9 millj. en áætluð rekstrarútgjöld eru 175,2 milljónir. Farið var yfir rekstraráætlun fyrir vestursvæði en þar er gert ráð fyrir einu nýju starfi þjóðgarðsvarðar í 2 – 3 mánuði, auk landvarða í Hrauneyjum í 8 – 10 vikur og hugsanlega í Nýjadal. Gert er ráð fyrir 9,4 milljóna heildarlaunakostnaði sem byggir á sama ramma og farið er eftir í þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum. Fundar og ferðakostnaður stjórar er áætlaður 1.200 þúsund. Húsnæðiskostnaður er áætlaður 2,3 milljónir. Viðræður standi yfir við rekstraraðila í Hrauneyjum, Nýjadal og Ferðafélag Akureyrar um leigu á húsnæði fyrir landverði. Auk þess er gert ráð fyrir Bifreiðakostnaði upp á 1.1. millj. Samtals er áætluð heildarútgjöld 15. millj. Umræður voru um tímalengd á landvörslu og vangaveltur um hvort hlutur þjóðgarðsvarðar væri vanáætlaður. Prentun á fræðslu og upplýsingarefni kemur úr sameiginlegum sjóði og er áætlaður
4. Þórður kynnti ætlaðan framkvæmdakostnað. Reiknað er með að gestastofa á Skriðuklaustri kosti fullbúin um 170 millj. og er reiknað með 50 millj. á þessu ári. 25 milljónir eru áætlaðar í gerð verndaráætlana fyrir öll svæðin 4. Gert er ráð fyrir 4 -5. milljónum til gerðar á upplýsingarskiltum og lagfæringum á þeim sem eru nú til staðar á hverju svæði fyrir sig. 2 milljónir eru áætlaðar í prentun á bæklingum og upplýsingarefni. Áætlaður framkvæmdarkostnaðar garðsins á árinu er alls 160,5 milljónir.
5. Sigurður lagði áherslu á samninga við Ferðafélag Íslands vegna landvörslu í Nýjadal. Kári óskaði eftir að Sigurður hugaði að texta á skilti til þess að koma upp á þjóðgarðsmörkum í Tómasarhaga. Sigurður óskaði eftir því að ráðuneytið sæi um bókanir á flugi vegna fundarsetu sinnar því langan tíma tæki að fá endurgreiðslur. Aðrar endurgreiðslur á fundarkostnaði þurfa að fara í gegnum formann svæðisráðsins. Eftir þennan lið vék Sigurður af fundi.
6. Elín Heiða lagði áherslu á það að staðið væri vel að því að gera þjóðgarðinn sýnilegan með öflugri landvörslu og góðum merkingum. Umræður voru um hvort möguleiki væri á að bæta við þann tíma sem gert er ráð fyrir þjóðgarðsverði. Kári

- lagði áherslu á gott samstarf við svæðisráðið í uppbyggingu starfsins á vestursvæðinu. Óskað var eftir upplýsingum frá Kára varðandi heildarþörf á upplýsingum til birtingar á upplýsingaskiltum og í bæklinga í fyrir næsta fund. Ljóst er að upplýsingar unnar af landvörðum vantar fyrir svæðið vestan jökuls og gert ráð fyrir að vinna landvarða í sumar felist að einhverju leiti í að safna og skrá upplýsingar. Unnið er að því að koma upp heimasíðu fyrir þjóðgarðinn.
7. Rætt um þörf á upplýsinga og þjónustustöð í Blágiljum vegna þjóðgarðsins. Þar er engin starfsmannaaðstaða eins og er. Á árinu 2007 kom 4,5 millj. styrkur til Lakasvæðisins og er tillaga um að nýta hluta af því fjármagni til þess að koma þar upp varanlegri aðstöðu. Svigrúm er í fjárhagsáætlun garðsins til þess að bæta við 4 – 5 millj. til þess að koma upp t.d. 40 - 50 m² húsi. Hægt væri að flytja húsið burt aftur ef tíminn leiddi í ljós að það reyndist ekki nægilega stórt. Stjórnin mælir með þessari lausn og leggur til að farið verði í samningaviðræður við Skaftárhrepp varðandi lausnir í vatns og fráveitumálum. Hugsanlega samnýtingu á starfliði og jafnvel afnot af gangnamannahúsi fyrir sjálfboðaliða eða aðra starfsmenn þjóðgarðsins. Leita þarf eftir tilboðum í þessa aðstöðu. Kára og Þórði falið að útfæra hugmyndina nánar.
 8. Ræddar hugmyndir að þjónustumiðstöð fyrir þjóðgarðinn í Galta sem sinnt gæti fyrirhugaðri aðkomu að garðinum skv. breytinga tillögu að aðalskipulagi Skaftárhrepps. Hægt væri að byrja með útsýnispall. Rætt um hugsanlega aðkomu hollvinasamtaka Vatnajökulsþjóðgarðs að verkefni eins og þessu.
 9. Rætt um vinnu við verndaráætlanir. Gert er ráð fyrir að Umhverfisstofnun geri nokkurs konar skapalón fyrir verndaráætlanir en þeirri vinnu er ekki lokið ennþá. Elín Heiða reiknaði með samstarf við Háskólasetrið á Höfn, Náttúrustofu Suðurlands og starfsmenn þjóðgarðsins.
 10. Fyrstu drög að reglugerð fyrir þjóðgarðinn liggja nú fyrir og eru þau í skoðun hjá sérfræðingu Umhverfisstofnunar og lögfræðingi Umhverfisráðuneytis. Nánar verður farið í drögin á næsta fundi. Merki þjóðgarðsins hefur verið valið úr 34 innsendum tillögum og gert er ráð fyrir formlegri afhjúpun þess bráðlega.
 11. Þórður vék af fundi.